

21. fundur
Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps
haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði,
mánudaginn 30. ágúst 2010 og hófst hann kl. 17:00

Fundinn sátu:

Arnheiður Jónsdóttir (AJ), Friðbjörg Matthíasdóttir (FM), Ingimundur Óðinn Sverrisson (ÍÓS), Birna Benediktsdóttir (BB), Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir (EIS),

Fundargerð ritaði: Friðbjörg Matthíasdóttir ,

Dagskrá:

1. 1007015F - Samráðsnefnd Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur - 20

Fundargerðin borin upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

2. 1008057 - Tilnefning Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga

Tillaga um aðalmann Friðbjörg Matthíasdóttir, Vesturbyggð og til vara Birna Benediktsdóttir, Tálknafjarðarhreppi. Tillagan samþykkt samhljóða.

3. 1008058 - Tilnefning fulltrúa Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps í samgöngunefnd Fjórðungssambandsins

Tillaga um aðalmann Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Tálknafjarðarhreppi og til vara Magnús Ólafs Hansson, Vesturbyggð. Tillagan samþykkt samhljóða.

4. 1008059 - Fulltrúi Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps í stjórn Menningarráðs Vestfjarða

Tillaga um aðalmann Leifur Ragnar Jónsson, Vesturbyggð og til vara Matthías Ágústsson, Vesturbyggð. Tillagan samþykkt samhljóða.

5. 0909119 - Sorpmál Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps

Fyrir fundinum lá bréf Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps, dags. 9.8.2010, sbr. afgreiðsla 3.tl. 20.fundar Samráðsnefndar 28. júlí s.l. Jafnframt lá fyrir fundinum svar bjóðenda, Íslenska gámafélagsins ehf.(dags.13.8.2010) og Gámaþjónustunnar hf.(dags. 16.8.2010), við því bréfi. Í ljósi vilja bjóðenda sem fram kemur í bréfum þeirra um að framlengja gildistíma tilboðanna hefur verið ákveðið af hálfu Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps að fara þess formlega á leit við Íslenska gámafélagið ehf. og Gámaþjónustuna hf. að félögin framlengi gildistíma þeirra tilboða sem félögin skiluðu inn vegna útboðs í sorphirðu í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi til kl. 16:00 föstudaginn 10.september n.k. Bréf þess efnis sent bjóðendum 25.8.2010. Samþykkt samhljóða.

Samráðsnefnd minnir á fyrri samþykkt sveitarfélaganna um stofnun

sorpsamlags og felur framkvæmdarstjórum sveitarfélaganna að vinna að stofnun þess eins fljótt verða má. Samþykkt samhljóða.

6. 1005062 - Önnur mál

Fjórðungsþing verður haldið á Hólmavík 3.- 4.september n.k.
Framkvæmdarstjórum sveitarfélaganna falið að útbúa drög að ályktunum um opinber störf og samgöngumál. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:50

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____